

Alþingi  
Erindi nr. Þ 141/1065  
komudagur 13.12.2012



Sjúkratryggingar  
Íslands

Velferðarnefnd  
b.t. Heimis Skarphéðinssonar  
nefndarritari velferðarnefndar  
Skrifstofa Alþingis, nefndasvið  
Austurstræti 8-10  
101 Reykjavík

Reykjavík, 6. desember 2012

**Efni: Frumvarp um breytingu á lögum nr. 45/2012, 494. mál.**

Sjúkratryggingar Íslands (SÍ) vilja koma á framfæri athugasemdum vegna ummæla í greinargerð með frumvarpi til laga um breytingu á lögum nr. 45/2012, um breytingu á lögum um sjúkratryggingar, nr. 112/2008, sbr. þingskjal 635 – 494. mál.

Í texta þingskjalsins segir svo um aðdraganda laga nr. 45/2012:

*„Lagði nefndin því til að frumvarpið yrði samþykkt óbreytt enda hafði komið fram á fundum nefndarinnar með fulltrúum velferðarráðuneytisins og Sjúkratrygginga Íslands að dagsetningin væri raunhæf og vert að stefna að henni þó svo að ljóst væri að menn þyrftu að hafa hraðar hendur við undirbúning. Taldi nefndin sig ekki hafa fullnægjandi forsendur til að leggja til frekari frestun á gildistöku laganna.“*

Vegna þessara ummæla vilja SÍ benda á minnisblað það sem SÍ lagði fyrir velferðarnefnd dags. 24. sept. s.l. (145. mál – erindi nr. Þ 141/1) í aðdraganda laga nr. 45/2012. Þar er nákvæm grein gerð fyrir mati stofnunarinnar á áhættuþáttum samfara gildistöku laganna þann 1. janúar 2013. Þar er m.a. eftirfarandi texta að finna:

*„ --- Þá nær kerfisbreytingin til afgreiðslukerfa apóteka og samskipta þeirra við tölvukerfi SÍ. Farsæl innleiðing er háð góðu samstarfi við apótek við hönnun og forritun kerfanna. Breytingin gerir kröfu til mikillar vinnu af þeirra hálfu og að þeir taki á sig umtalsverðan kostnað. Mikil tímapressa á lyfsala getur því fallið í grýttan jarðveg og valdið þeim viðbótarkostnaði. Tímapressunni fylgir auk þess aukin hætta á mistökum.*

*Bent er á að tímapressa við vinnslu verkefnisins og kynningarstarf í desember kallar á sérstakar og kostnaðarsamar ráðstafanir. Áramótin eru afar óheppilegur tími til að innleiða nýtt kerfi þar sem desember er annasamasti mánuður ársins í apótekum. Jólaverslun er í hámarki og jólavikan er stutt.“*

Þess má jafnframt geta að skv. þingmálaskrá ríkisstjórnarinnar, sem fylgdi stefnuræðu forsætisráða 12. september sl., áformaði velferðarráðuneytið að fresta gildistöku ákvæða um greiðsluþátttöku í lyfjakostnaði til 1. júní 2013.

Virðingarfyllst,  
F.h. Sjúkratrygginga Íslands

Katrín Eydís Hjörleifsdóttir  
Sviðsstjóri viðskiptasviðs